

Umhverfis- og orkustofnun,
bt. Sverris Aðalsteinssonar og Maríu Guðmundsdóttur

Reykjavík,
19. janúar 2026

Efni: Umsókn um könnunarleyfi vegna geymslu CO₂ í jörðu í Helguvík, vegna Sæbergs - verkefni Carbfix

Carbfix hf. kt. 531022-0840, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík sækir hér með um könnunarleyfi samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu. Sótt er um könnunarleyfi til 10 ára og heimild til að dæla niður allt að 100 kílótonnum af CO₂-efnisstraumi á tímabilinu.

1. Tilgangur rannsóknar

Tilraunaniðurdæling á koldíoxíði (CO₂) leystu í jarðsjó hefur staðið yfir undanfarin ár í Helguvík á vegum Carbfix í samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir frá Sviss, Englandi og Íslandi.

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á fýsileika á notkun jarðsjós sem flutningsmiðils fyrir geymslu á CO₂ í jarðlögum. Það CO₂ sem dælt er niður er fangað frá verksmiðju (e. biomass treatment plant) í Sviss en nýnæmi er að CO₂ sé flutt á milli landa í þeim tilgangi að steinrenna því og binda varanlega í bergi með Carbfix tækninni. Notkun jarðsjós við niðurdælingu og geymslu CO₂ er ný af nálinni þar sem með Carbfix tækninni er almennt notast við ferskvatn sem flutningsmiðil fyrir CO₂. Þá miðar rannsóknin einnig að því að



kanna jarðlög, lekt berglaga og afla viðeigandi gagna sem nýtast við líkanreikninga og hermanir fyrir geymslugeymi, meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og framkvæma jarðskjálftaathuganir í tengslum við niðurdælingu CO₂ straums.

Leiði niðurstöður rannsókna í ljós að hægt sé að nýta jarðsjó til niðurdælingar og geymslu CO₂ rennur það styrkum stoðum undir að hægt verði að nýta Carbfix tæknina á alþjóðavísu, sér í lagi þar sem aðgengi að ferskvatni er takmarkað.

Verkefnið er undanfari stærri áforma Carbfix um móttöku- og geymslustöðvar fyrir CO₂, svokallaðar Coda stöðvar, þar sem ætlunin er að flytja CO₂ til landsins með sérútbúnum tankskipum og dæla því niður til varanlegrar geymslu í jarðlögum, meðal annars með því að nýta jarðsjó sem flutningsmiðil fyrir CO₂.

Líkt og komið var inn á í upphafi, spilar vísindasamstarf við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir stóran sess í rannsóknum Carbfix í Helgúvík en til að mynda hefur rannsóknarhópur leiddur af Stefan Wiemer hjá ETH í Zurich stundað jarðskjálftarannsóknir í tengslum við niðurdælingu á CO₂ leystu í jarðsjó í Helgúvík. Þá hafa einnig verið gerðar tilraunir með notkun ljósleiðara í niðurdælingarholum til að varpa ljósi á jarðskjálfta í borholum.


2. Nákvæm afmörkun rannsóknarsvæðis

Afmarkað rannsóknarsvæði í Helgúvík, Reykjanesbæ (Mynd 1).

Stærð svæðis afmarkast af líkanreikningum Carbfix á líklegu geymslusvæði og áætlaðri dreifingu CO₂ eftir 5 ár (2025-2030). Þar sem sótt er um könnunarleyfi til 10 ára er svæðið u.þ.b. tvöfalt stærra en líkanreikningar gera ráð fyrir (Mynd 2). Vert er nefna að tilgangur þessara rannsókna er að vinna að frekari líkanreikningum.



Mynd 1. Nákvæm afmörkun rannsóknarsvæðis vegna könnunar á niðurdælingarstarfsemi Carbfix í Helgúvík.




Mynd 2. Líkanreikningar af áætlaðri dreifingu CO₂ sem hefur verið dælt neðanjarðar til geymslu yfir 5 ára tímabil, 2025-2030 (til vinstri) og volume fraction of gas (til hægri) á -237,5 metra dýpi og -312,5 metra dýpri yfir 5 ára tímabil, 2025-2030.



Aðalskipulag Reykjanesbæjar

Í gildi er aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035. Fyrirhuguð framkvæmd er skilgreindu iðnaðarsvæði, við Berghólabraut 3 (Mynd 3).

Lóðin er í nágrenni við iðnaðarsvæði þar sem fram fer fjölbreytt iðnaðarstarfsemi. Langtíma stefnumótandi *Þróunaráætlun K64* hefur verið gerð fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Leiðarljós *Þróunaráætlunar K64* er skuldbinding Íslands við kolefnishlutlausu framtíð og sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna, nýsköpun og vistvæn tækni ásamt öfluggu samstarfi við helstu hagsmunaaðila og samskipti við sveitarfélög. Í áætluninni segir meðal annars: „Helguvík-Bergvík mun umbreytast í vistvænan iðngarð og hafa fyrstu skrefin í þá átt þegar verið tekin.“



Mynd 3. Úrdráttur úr aðalskipulagsupprætti. Staðsetning rannsóknarholu er afmörkuð með gulri stjörnu.



3. Tímasetning rannsóknarinnar, og rannsóknaráfanga, ef við á

Gert er ráð fyrir að rannsóknir muni standa yfir í tíu ár, þ.e. fram til desember 2035.

4. Greinargerð um líkleg áhrif á nærliggjandi svæði


Ekki er gert ráð fyrir rannsóknin hafi í för með sér mikil yfirborðsáhrif á nærliggjandi svæði. Áhrifasvæði framkvæmdar er að mestu neðanjarðar og því er sérstök áhersla lögð á áhrif á grunnvatn. Áhrifamat framkvæmdarinnar á vatnshlot er sem hér segir:

4.1 Mat á áhrifum vatnstöku í Helguvík á grunnvatn

Carbfix hf. hefur unnið mat á þeim áhrifum sem vatnstaka (jarðsjós) að 0.5-4 L/s sem fyrirtækið stundar í Helguvík geti haft á magnstöðu þeirra vatnshlota sem framkvæmdin hefur áhrif á og hvaða áhrif niðurdæling CO₂-straums geti haft á efnafræðilega gæðabætti þeirra vatnshlota. Áhrifin eru enn fremur sett í samhengi við það hvort reiknað sé með að áformin hafi áhrif á það hvort vatnshlotin nái þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í *Vatnaáætlun Íslands frá 2022-2027*.

4.2 Vatnshlot

Carbfix hefur framkvæmt áhrifamat fyrir vatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) sem er það vatnshlot sem framkvæmdin getur haft áhrif á. Flatarmál vatnshlotsins er 105.5 km² skv. upplýsingum á Vatnavefsjá (Mynd 4). Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að efnafræðilegt ástand skuli vera gott og magnaða góð. Vatnshlotið er talið vera í **hættu vegna áhættu vegna efna**. Ástand vatnshlotsins má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.



Mynd 4. Afmörkun vatnshlotsins Rosmshvalanes 2 samkvæmt Vatnavefsja.

Búið er að skrásetja hugsanlega álagsþætti á vatnshlotið og eru þeir eftirfarandi:

- 1.6 staðbundið álag: Öskuhaugur eða sorplosun
- 2.4.4. dreift álag: Samgöngur, flug

Fyrri álagsþátturinn kemur til vegna gamals urðunarstaðar í Stafnesi og Smiðjutjörn auk úrgangsmeðhöndlunar við Helguvík og fyrrum sorpbrennslu við Hafnarveg. Seinni álagsþátturinn tengist starfsemi sem á, og hefur átt sér stað, við Keflavíkurflugvöll.

4.2.1 Gæða- og matsþættir

Þær breytur sem ákveðið var að nota til **greiningar á magnstöðu grunnvatns eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs**. Sú ákvörðun byggir á reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Þar kemur fram að hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu skuli vera þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma sé ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk.


Þær breytur sem ákveðið var að nota til að ákvarða **efnafræðilegt ástand grunnvatns eru leiðni og styrkur mengunarvalda**. Leiðnigildi skal ekki benda til innstreymis salts vatns og styrkur mengunarvalda skal ekki vera yfir umhverfismarkmiðum.



4.3 Áhrif framkvæmdar á magnstöðu grunnvatnshlota

Áætlað er að vatnstaka (jarðsjór) úr grunnvatnshlotinu verði áfram á bilinu 0,5–4 L/s.

Áhrifin eru metin staðbundin og óveruleg, byggt á gögnum um grunnvatnsstöðu frá núverandi vatnstöku framkvæmdaraðila í Helguvík (Mynd 5).



Mynd 4. Dæling úr vatnstökuholunni CBW-02 og vatnsborðsmæling í HK-01.

Mynd 5 sýnir breytingu frá meðalvatnsborði í HK-01, mælt yfir nokkurra mánaða tímabil, bæði fyrir og eftir að vatnstaka byrjaði í CBW-02. Meðalvatnsborð var áætlað út frá fjögurra mánaða vatnsborðsmælingu, þar sem símælir var settur í HK-01. Engin teljandi vatnsborðslækkun var í HK-01 (og í raun jókst vatnsborðið í tveimur mælingum sem gerðar voru eftir að dæling hófst). **Það gefur til kynna að vatnstaka Carbfix í Helguvík muni ekki minnka magnstöðu grunnvatns þar.**

Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð vatnstaka hafi óveruleg eða engin bein áhrif á grunnvatnsborð. Ef breytingar munu koma fram, bendir allt til þess að þær muni falla innan eðlilegra, árstíðabundinna sveiflna. Þá væri jafnframt um staðbundin og tímabundin áhrif að ræða, sem væru afturkræf yrði vatnstöku hætt.


4.4 Áhrif framkvæmdar á efnafræðilega gæðarætti grunnvatnshlota

4.4.1. Hita- og leiðnimælingar



Á Reykjanesi liggur ferskt grunnvatn í svokallaðri ferskvatnslinsu yfir saltara grunnvatni og sýna leiðnimælingar framkvæmdaraðila fram á tilvist saltvatns undir ferskvatninu.

Hita og seltumælingar í HK-01 gefa ekki til kynna að núverandi vatnstaka hafi áhrif á jafnvægi jarðsjós og ferskvatns á svæðinu. Hitamælingar í holunni sýna litlar breytingar fyrir og eftir upphaf vatnstöku, og hið sama á við um dýpi blandlags milli ferskvatns og jarðsjós, sem trúlegast samsvarar breytingu á halla í hitamælingum. Aðrar mælingar á Miðnesi, s.s. í holum GU-02 og US-03, sýna að jarðsjór hefur almennt hærra hitastig og hærri hallatölu miðað við ferskvatn. Seltumælingar í holunni fela í sér meiri óvissu, en þær sýna mismikla seltu á botni. Hins vegar virðist byrjun blandlagsins vera á nánast sama dýpi í öllum mælingum. Samanlegt gefur þetta til kynna að vatnstaka Carbfix hafi ekki áhrif á dýpi blandlags á svæðinu, og þar með ekki á gæði grunnvatns á svæðinu (Mynd 6).



Mynd 6. Hitastigsmælingar og seltumælingar í HK-01 eftir dýpi.

4.4.2 Styrkur mengunarvalda og samsetning CO₂ efnisstraums

CO₂ efnisstraumurinn sem dælt er niður er að langmestu leyti úr CO₂, eða að lágmarki 99,5%. Samsetningu efnisstraumsins sem nú er dælt niður má sjá í Töflu 1 (samkvæmt síðustu efnagreiningu) ásamt skilyrðum EIGA-staðalsins sem Carbfix notar til viðmiðunar varðandi gæði og hreinleika CO₂-straumsins. Taflan sýnir einnig umreiknaðan styrk straumsins þar sem blöndunin er 1/34, það þýðir að fyrir hvert tonn af CO₂ sem dælt er niður þarf 34 tonn af jarðsjó.

Í Töflu 1 má sjá að efnisstraumurinn inniheldur metan (e. methane) eða *kolvetni* sem er á lista I í reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og er bein losun þess óheimil, nema með undanþágu líkt og könnunarleyfi heimilar.



Tafla 1. Samsetning efnisstraums ásamt þýnningu. Í töflunni er búið að gulmerkja efnasamsetningu metans og umreikna þýnningu þess í niðurdælingarvökva (1/34).

Efni	Skilyrði EIGA- staðals	Efnagreining: Samsetning CO ₂ - efnisstraums	Umreiknaður - niðurdælingarvökvi 1/34
Purity/ Assay	≥ 99,9 % V/V	99,976 % V/V	
Moisture	≤ 20 ppm	5,7 ppm V/V	0,0686
Dew point	≤ -55 °C	-64,5 °C	
Ammonia (NH ₃)	≤ 2,5 ppm V/V	< 0,25 ppm V/V	< 0,0028
Oxygen (O ₂)	≤ 10 ppm V/V	< 5,0 ppm V/V	< 0,11
Oxides of nitrogen			
Nitric oxide (NO)	≤ 2,5 ppm V/V	< 0,1 ppm V/V	< 0,002
Nitrogen dioxide (NO ₂)	≤ 2,5 ppm V/V	< 0,1 ppm V/V	< 0,003
Non- volatile residue	≤ 10 mg/kg	< 2,0 mg/kg	< 0,059
Non- volatile organic residue (oil and grease)	≤ 5,0 mg/kg	0,11 mg/kg	0,0032
Phosphine (PH ₃)	≤ 0,3 ppm V/V	< 0,01 ppm V/V	< 0,0003
Volatile hydrocarbons			
Sum (calculated as methane)	≤ 50 ppm V/V	202 ppm V/V	2,16
Non- methane hydrocarbons	≤ 20 ppm V/V	< 1,2 ppm V/V	< 0,013
Acetaldehyde	≤ 0,20 ppm V/V	< 0,05 ppm V/V	< 0,001
Aromatic hydrocarbons (Sum)	≤ 0,02 ppm V/V	≤ 0,02 ppm V/V	≤ 0,001
Carbon monoxide	≤ 10,0 ppm V/V	< 1,0 ppm V/V	< 0,019
Methanol	≤ 10 ppm V/V	< 1,0 ppm V/V	< 0,021
Hydrogen cyanide (HCN)	≤ 0,5 ppm V/V	< 0,20 ppm V/V	< 0,0036
Total sulfur (calculated as S)	≤ 0,1 ppm V/V	< 0,10 ppm V/V	< 0,0021
Carbonyl sulfide (COS)	≤ 0,1 ppm V/V	< 0,05 ppm V/V	< 0,002
Hydrogen sulfide (H ₂ S)	≤ 0,1 ppm V/V	< 0,05 ppm V/V	< 0,002
Sulfur dioxide (SO ₂)	≤ 0,1 ppm V/V	< 0,20 ppm V/V	< 0,004

4.4.3. Áhrifamat fyrir mengunarvald (metan)

CO₂ straumum úr iðnaðarferlum munu fylgja óoxuð (óbrunnin) lífræn efni, þar á meðal lofttegundir líkt og metan (CH₄). Við lágan styrk í vatni eykst leysni lofttegunda nokkuð línulega með auknum vatnsþrýstingi. Sé súrefni til staðar þá oxast þessi efni rólega yfir í CO₂ og vatn. Metan tekur almennt ekki þátt í öðrum efnahvörfum við þær aðstæður sem ríkja í geymslugeymi. Metan er því líklegt til að vera að mestu leyti uppleyst í vatni geymslugeymis. Hins vegar, vegna lítillar leysni metans í vatni, er ekki hægt að útiloka að hluti þess geti verið til staðar í gasfasa. Þó getur það að einhverju leyti oxast yfir í CO₂ og vatn, ef súrefni eða aðrar oxandi aðstæður eru til staðar í geymslugeymi.



4.5 Niðurstöður áhrifamats

Mælingar sýna að geymslugeymirinn í Helguvík er ísaltur (~25 g/kg) en ekki fullsaltur. Jarðsjór sem finnst grynna er hins vegar fullsaltur og því virðist takmörkuð tenging milli geymslugeymisins og efri laga grunnvatnsins. Ólíklegt er að niðurdæling breyti efnafræðilegum eiginleikum grunnvatnsins, sér í lagi þegar kemur að seltu. Mælingar sýna að vatnsborð hefur ekki hækkað nærri niðurdælingarholunni CBI-01, jafnvel þótt þrýstingur í geymslugeyminum hafi aukist. Það rennir frekari stoðum undir takmarkaða tengingu milli geymslugeymis og efri laga grunnvatnsins, sérstaklega ferskvatnslinsunnar. Loks sýnir forðafraeðilíkan af svæðinu að líklegast muni áhrif niðurdælingar ekki koma fram í efri lögum grunnvatnsins. Talið er að metan verði annaðhvort í gasfasa eða uppleyst í vatninu og flytjist með grunnvatnsstraumum án þess að mynda steindir. Þó getur það að einhverju leyti oxast yfir í CO₂ og vatn ef súrefni eða aðrar oxandi aðstæður eru til staðar. **Ekki er talin hættá á því að metan hafi neikvæð áhrif á grunnvatnsauðlindina á svæðinu sér í lagi efri lög grunnvatnsins þar sem takmörkuð tenging er á milli geymslugeymisins og efri laga.** Frekari rannsóknir munu varpa ljósi á áhrif metans á efnafræðilega gæðapætti grunnvatns.

Samkvæmt ofangreindum gögnum og fyrri reynslu framkvæmdaraðila á svæðinu er það mat framkvæmdaraðila að **framkvæmdin muni hvorki hafa marktæk áhrif á magnstöðu né efnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins Rosmhvalanes 2.** Það er því mat framkvæmdaraðila að tilraunin muni ekki rýra gæði vatnshlotsins, hvorki varanlega né tímabundið og að vatnshlotið muni ná umhverfismarkmiðum sínum bæði fyrir magnstöðu og efnafræðilegt ástand þrátt fyrir starfsemi.

4.6 Mótvægisaðgerðir og vöktun

Til að vakta áhrif rannsóknarinnar, sér í lagi vegna tilrauniðurdælinga mun framkvæmdaraðili leggja vöktunaráætlun fram innan þriggja mánaða frá útgáfu könnunarleyfis. Þar á meðal verða efnafræðilegir gæðapættir grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2 vaktaðir með sýnatöku og greiningum úr vöktunarholunni CBM-01 auk vöktunar á grynri vatnstökuholum í nágrenni niðurdælingarinnar. Þau sýni sem þegar hefur verið safnað varpa ljósi á efnafræðilegt grunnástand á svæðinu og gera kleift að



fylgjast með og eftir atvikum bregðast við þeim breytingum sem kunna að verða. Til stendur að þróa forðfræðilíkön af svæðinu enn frekar og uppfæra m.t.t. nýrra gagna, til að meta viðbrögð grunnvatns við vatnstöku og áhrif niðurdælingar með enn meiri nákvæmni.

5. Yfirlit um fyrri rannsóknir á svæðinu, skýrslur og gögn

Um er að ræða framhald af fyrri rannsóknum framkvæmdaraðila, unnið er að skýrslugerð.

6. Rannsóknaráætlun í meginráttum, áfangar og þættir

Tafla 2. Yfirlit yfir rannsóknarþætti

Rannsóknarþáttur	Upphaf	Verklok	Athugasemd
Ferilefnaprófanir	Janúar 2026	Desember 2035	Framkvæmt af Carbfix. Sótt verður sérstaklega um leyfi til ferilefnaprófanna til UOS.
Sýnatökur og vöktun á grunnvatnsborði	Janúar 2026	Desember 2035	Framkvæmt af Carbfix og ráðgjöfum. Felur m.a. í sér vöktun á áhrifum niðurdælingar á grunnvatn.
Líkanreikningar fyrir geymslugeymi og grunnvatn	Janúar 2026	Desember 2035	Þróað verður módel af niðurdælingarsvæðinu í Helguvík í þrívídd. Unnið verður að líkanreikningum fyrir geymslugeymi og grunnvatn. Framkvæmt af Carbfix og öðrum ráðgjöfum.
Niðurdælingarprófanir á allt að 100 kílótonnum og vöktun þeirra	Janúar 2026	Desember 2035	Framkvæmt af Carbfix



6.1 Markmið rannsókna

Rannsóknir framkvæmdaraðila snúa að fýsileikagreiningu niðurdælingar með jarðsjó og könnun jarðlaga, lekt berglaga og öflun viðeigandi gagna sem nýtast við líkanreikninga og hermanir fyrir geymslugeymi, áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og framkvæmdar verða jarðskjálftaathuganr í tengslum við niðurdælingu.

Rannsóknin miðar einnig að því að uppfylla viðmið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um geymslu koldíoxíðs í jörðu fyrir lýsingu og mat á hugsanlegum geymslugeymi og nærliggjandi svæði.

7. Áætlun um fyrirhugaðar boranir og aðrar framkvæmdir við rannsóknina, frágangur borana og mannvirkja

Yfirlit yfir framkvæmdasvæðið við Berghólabraut 3. Mannvirki samanstanda af gámaeiningu sem hýsir niðurdælingarbúnað og gastanki. Í gildi er stöðuleyfi fyrir gámaeininguna. Búið er að bora allar holur fyrir rannsóknina að svo stöddu (sjá Mynd 8 og kortagrunn Umhverfis- og orkustofnunar). Framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir frekari borframkvæmdum en þó gætu breytingar á mannvirkjum átt sér stað sem unnið verður í samstarfi við sveitarfélagið eða þá leyfisveitendur sem um ræðir.



Mynd 5. Mynd af starfsemi Carbfix í Helguvík.



Mynd 6. Loftmynd af kortagrunni Umhverfis- og orkustofnunar sem sýnir staðsetningu borhola í tengslum við starfsemi Carbfix (sjá nánar í kortagrunni Umhverfis- og orkustofnunar).

8. Upplýsingar um landeigendur á umræddu svæði

Framkvæmdarsvæði er í eigu sveitarfélagsins Reykjanesbæjar. Landeigandi er upplýstur og samþykkur því að land hans sé rannsakað. Í gildi er lóðarleigusamningur milli aðila.

9. Annað

Ábyrgðartrygging

Í viðhengi er að finna afrit af ábyrgðartryggingu Carbfix vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Samþykki landeiganda

Í gildi er lóðarleigusamningur, sjá eftirfarandi bókun Reykjanesbæjar því til staðfestingar en búið er að endurnýja lóðarleigusamninginn:



Carbfix hf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjanesbær, 18. október 2024
Mál nr. 2023040518

Efni: Berghólabraut 3 - framlenging á afnotaleyfi á lóð

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4.10.2024 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 15.10.2024

Erindi Carbfix dags. 1. október 2024 með ósk um framlengingu á afnotaleyfi á lóðinni Berghólabraut 3 til 1. nóvember 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið hvað varðar notkun á landi en óskar umsagnar bæjarráðs varðandi gjaldtöku.

Með vísan til ákvæða stjórnisýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar



Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

• Virðing
• Eldmóður
• Framsækni

Virðingarfyllt,

Helga Jónsdóttir, head of permitting, helgajon@carbfix.com

Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir, environmental permitting, gunnlaughas@carbfix.com